



Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri - 4.tbl. 10. árg

Desember 2020



Góðan dag kæru forráðamenn

Haustið 2020 hefur verið einkennilegt og öðruvísi en við erum vön, bæði hér í Glerárskóla og í öllu samfélaginu. Skólastarfið hefur litast af fjarkennslu, fjarlægðatakmörkunum, andlitsgrímunotkun og sóttthreinsun. Þrátt fyrir það hefur Glerárskóli staðið sína plikt og nemendur hafa fengið að stórum hluta þá námslegu næringu sem ráð er fyrir gert í Aðalnámskrá grunnskóla. Smám saman hefur okkur tekist að fá nemendur aftur í skólann og nú vonum við að bjartari tímar séu framundan.

En eins og áður er nefnt heldur skólalífið áfram og í mörg horn að líta í skóla eins og Glerárskóla. Lestur, íslenska, stærðfræði, samræður, náttúrufræði, íþróttir, samhygð, samfélagsfræði, list- og verkgreinar, danska, enska, sund, sjálfstæð hugsun og svona mætti lengi telja, en allt eru þetta þættir sem komið er inn á í námi og kennslu í skólanum. Það er fjölbreytileikinn sem er efstur á blaði og ábyrgðin við að vera sjálfstæður einstaklingur sem skiptir höfuðmáli þegar við menntum unga fólkið okkar auk þess að kenna þeim grunn í hinum ýmsu þáttum samfélagsins. Það er því lykilatriði að láta ekki deigan síga þó aðstæður samfélagsins séu nokkuð erfiðar en kenna nemendum þrautseigju og æðruleysi þegar á reynir. Og það höfum við gert. Í samvinnu við heimilin hefur okkur tekist að sigla í gegnum öldudalinn og komum út reynslunni ríkari og vonandi betur í stakk búin til að takast á við lífið og tilveruna.

Við viljum enn og aftur þakka fyrir samstarfið og horfum vongóð til nýs árs og nýrra tíma. Takk fyrir samveruna á liðnu ári og njótið aðventunnar og jólanna með ykkar nánustu.

Við erum lærdómssamfélag og einkunnarorðin okkar eru:
„Saman lærum við, náum árangri og gleðjumst.“

Kær kveðja frá stjórnendum Glerárskóla,
Eyrúnu, Helgu og Tómasi

Ábending vegna bílastæða og sleppisvæðis við Glerárskóla

Við viljum ítreka við alla forráðamenn þá ósk að þeir fylgi eftirfarandi tilmælum:

1. **Aka ekki inn á bílastæði sunnan við Glerárskóla til að sleppa eða sækja nemendur í skólann.**
2. Nota sleppisvæði sem merkt er á Höfðahlíð ef nemendum er skutlað í skólann



3. Hvetja nemendur til að ganga í skólann

Mikil hætta stafar af því að aka inn á bílastæðin og hleypha nemendum út þar. Mikil bílaumferð er á bílastæðunum og erfitt getur verið fyrir ökumenn að sjá nemendur í myrkrinu. Sleppisvæðið á Höfðahlíð er gott og gangbraut yfir götuna frá því sunnan megin svo mun öruggara er að nýta það. Flestir nemendur eiga gott göngufæri í skólann og því er um að gera að hvetja þá til að hreyfa sig og ganga í og úr skóla.

Tilmæli til forráðamanna



Við viljum benda á og ítreka við ykkur kæru forráðamenn að hugsa vel um það sem þið segið og hvaða orð þið notið þegar þið ræðið viðkvæm mál og börnin ykkar eru nálæg. Oft á tíðum skilja börnin ekki það sem við erum að segja og eiga það til að túlka hlutina á annan hátt en við viljum. Það getur því komið fyrir að börnin okkar noti orð og jafnvel athugasemdir í samskiptum sínum við samnemendur sem ekki eiga rétt á sér og það getur skapað særindi og/eða erfiðleika. Munum að: „Aðgát skal höfð í nærveru sálar.”

Glerárvision



Eins og flestir hafa orðið varir við var engin Glerárvision haldin í lok nóvember þetta árið. Við þurfum þó ekki að gráta Björn bónda því ákveðið hefur verið að Glerárvision verði eingöngu frestað þar til við höfum tækifæri til að halda þá góðu hátíð með öllu sem henni tilheyrir. Við vonum því að aðstæður í samfélaginu, eftir áramótin, verði okkur í hag svo við getum haldið þessa menningarlegu og lærdómsríku söngskemmtun líkt og gert hefur verið í Glerárskóla um árabil.

Sjáumst vel í umferðinni og verum örugg



Nú þegar skammdegið er í algleymingi viljum við benda forráðamönnum á að setja endurskinsmerki á fatnað nemenda, töskur og/eða skó. Einnig þurfa öll hjól sem nemendur nota að vera með ljósum og endurskini svo þau sjáist í myrkrinu.

Að endingu minnum við alla á að **ALLIR NEMENDUR eiga að nota hjálm á öllum farartækjum á hjólum!**



Verum vakandi, örugg og „sjáumst” í umferðinni.

Staðan í dag

Nú er komið í ljós að engar breytingar verða á sóttvarnarreglum a.m.k. til 9. desember næstkomandi. Hvað tekur við eftir það mun koma í ljós þegar þar að kemur.



Við höldum því okkar striki og gerum ekki breytingar á skipulagi sem nú er á skólastarfinu í Glerárskóla.

Gildandi sóttvarnarreglur eru í hávegum hafðar í Glerárskóla. Þær eru einfaldar en samt er gott að fara reglulega yfir þær með börnunum svo allir fylgi þeim eftir:

1. Verum dugleg að þvo okkur um hendur með sápu og vatni eða nota spritt. **Alltaf skal spritta hendur við komu í matsal.** (1. - 4. bekkur)
2. Forráðamenn koma ekki inn í skólann (nema afar brýna nauðsyn beri til og þá í samráði við skólann) og þá þurfa þeir að **nota andlitsgrímu og spritta hendur við inngang.**
3. Sýnum virðingu í samskiptum og virðum nándarmörk sem eru **2 metrar** innan skólans fyrir fullorðna einstaklinga og nemendur í 8. - 10. bekk.
4. Starfsfólk og nemendur í 8. - 10. bekk þurfa að bera andlitsgrímur ef ekki er hægt að ná 2 metra fjarlægðarmörkum.
5. Ef nemendur hafa kvefeinkenni, sáran háls, hitaslæðing, miklar magakvalir eða beinverki skal halda þeim heima og tilkynna veikindi.
6. Láta skal skólann vita ef upp koma Covid19 smit á heimili svo hægt sé að gera viðeigandi ráðstafanir.

Litlu jólin

Það er margt sem breytist í skólalífinu þegar heimsfaraldur er annars vegar. Eitt af því eru Litlu jólin. Ef tekið er mið af þeim reglum sem nú gilda í samfélaginu og um skólastarfið, verður ekki hægt að halda hefðbundin litlu jól þetta árið. Við munum því leggja undir feld og finna góða leið til að allir fái að njóta aðventunnar í skólanum. Allar nánari upplýsingar munu koma frá umsjónarkennurum þegar nær dregur.

*„Byrjaðu á að gera það sem er nauðsynlegt,
síðan það sem er mögulegt og allt í einu
getur þú gert hið ómögulega.”*

St. Francis af Assisi

Helstu atburðir í desember 2020 og janúar 2021

17. desember 2020	Uppbrotsdagur - jólaþema.
18. desember 2020	Litlu jól - Jólafri nemenda hefst
2021	



4. janúar 2021	Skóli hefst að loknu jólafríi skv. stundaskrá
6. janúar 2021	Þrettándinn
25. janúar 2021	Skipulagsdagur - nemendur í fríi
26. og 27. janúar 2021	Viðtalsdagar - nemendur mæta í viðtöl til umsjónarkennara með forráðamönnum

Faglegt starf í Glerárskóla

Umhverfið er okkur í Glerárskóla bæði hugleikið og mikilvægt. Hér í Þorpinu eru margir fagrir staðir í okkar umhverfi sem við viljum að börnin okkar þekki og kunnir að umgangast. Má þar nefna Glerárgil, Sílabás, Kvennfélagsgarðinn, Seljagarðinn og Krossanesborgir svo eitthvað sé nefnt af stöðum í okkar nánasta umhverfi.



Okkur er heldur ekki sama hvernig gengið er um umhverfið okkar og hvernig við göngum um í skólanum og heima fyrir.

Heilsan er okkur líka dýrmæt og miklu máli skiptir hvernig við hugsum um okkur sjálf og aðra. Glerárskóli er Grænfánaskóli og í stefnu skólans eru skýr viðmið sem tengjast umhverfinu, lýðheilsu og umgengni.

Nemendur skólans héldu fyrir nokkru umhverfisþing þar sem settar voru niður umgengnisreglur sem allir eiga að fara eftir.

Við erum dugleg að flokka og ætlumst til þess að allir komi með hollt og gott nesti í skólann en sleppi öllum sætindum, sælgæti, gosi og orkudrykkjum.

Hreyfing er okkur hugleikin og í skólanum er sérstök námsgrein sem eflir hreyfingu og heilsu nemenda.

Umhverfisnefnd, sem í eru fulltrúar nemenda og starfsfólks, heldur utan um verkefni Grænfánans og styrkir alla í að fara eftir þeim reglum og hefðum sem skapast hafa í skólanum okkar og snerta umhverfi, umgengni og lýðheilsu.

Einkunnarorð skólans okkar eru enda; HUGUR-HÖND-HEILBRIGÐI sem segir okkur einmitt hversu mikilvægt er að huga að þessum atriðum.

Í Menntastefnu Akureyrarbæjar kemur fram að allir skólar á Akureyri verði heilsueflandi skólar og þangað stefnir Glerárskóli ótrauður í nánustu framtíð.



„Þangað sem vert er að fara er ekki hægt að stytta sér leið.“

Beverly Sills



Andlitsgrímur og umhverfið

Borið hefur á því að nemendur hendi grímum sínum á víðavangi á heimleið. Við höfum sett upp ruslafötur við innganga þar sem hægt er að henda grímum. Við óskum eftir því að forráðamenn ræði þetta mál við börnin sín þar sem Glerárskóli er umhverfisvænn og því viljum við að nemendur okkar séu það líka.



Andlitsgrímur og unglíngastigið

Kæru forráðamenn!

Eins og allir vita þurfa nemendur í 8. -10. bekk að notast við andlitsgrímur í skólanum þegar þeir stunda námið á morgnanna. Því miður hefur borið á því að sumir nemendur hafa átt erfitt með að hlýða þessu. Við biðlum því til forráðamanna að ræða við krakkana um mikilvægi þess að fylgja þeim sóttvarnareglum sem í gildi eru og nota grímur á meðan þeir eru í skólanum.



Starfsfólk Glerárskóla óskar öllum nemendum og forráðamönnum gleðilegra jóla og áramóta.

Við þökkum fyrir árið sem nú er að líða og hlökkum til samvinnunnar á nýju ári 2021.





Glerárskóli, v/Höfðahlíð

603 Akureyri

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl. 07:45 - 15:00 en
í fríum nemenda er hún opin frá kl. 10:00 - 12:00.

Sími skólans:: 461-2666

Netfang skólan: glerskoli@akureyri.is

Heimasíða skólans: glerskoli.is

Facebook síða: Glerárskóli

HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

